

**Ed.**

**581. Þingsályktun**

um ráðstöfun á þjóðjörðinni Kópavogi til væntanlegs hressingarhælis fyrir berklaveika.

(Afgreitt frá Ed. 3. maí).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að veita kvenfélaginn Hringnum í Reykjavík ókeypis ábúð á þjóðjörðinni Kópavogi þegar hún losnar næst úr ábúð, til þess að þar verði starfsækt hressingarhæli fyrir berklaveikt fólk, og að heimila núverandi ábúanda jarðarinnar að semja við félagið um nokkrar jarðar-afnot, til þess að geta hafið þessa starfsæmi.